

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. **P** 137/494  
komudagur 1.7.2009

30. júní 2009  
Tilvísun: 2009060084

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga Bankasýslu ríkisins, 124. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 24. júní sl., þar sem Viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um Bankasýslu ríkisins, 124. mál.

Fjármálaeftirlitið vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.


- Fjármálaeftirlitið fær ekki betur séð en að Bankasýslan munu þurfa að skila inn umsókn um virkan eignarhlut skv. VI. kafla laga nr. 161/20002 um fjármálafyrirtæki vegna þeirra virku eignarhluta sem Bankasýslan fer með fyrir hönd ríkisins, þar sem frumvarpið undanþiggur á engan hátt stofnunina frá slíku mati.
- Ekki virðist skýrt hvort Bankasýslunni sé eingöngu ætlað að fara með hluti ríkisins í viðskiptabönkunum þremur eða hvort henni er einnig ætlað að fara með þá eignarhluti sem ríkið kann að eignast í sparisjóðum. Þannig er t.d. í eingöngu talað um hluthafafundi en aldrei fundi stofnfjáreigenda í athugasemdum frumvarpsins.
- Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins mega stjórnarmenn og forstjóri Bankasýslunnar ekki hafa gerst brotlegir við tiltekinn lög. Að mati Fjármálaeftirlitsins væri æskilegt að upptalningin næði einnig til laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi og laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu líffeyrisréttinda og starfsemi líffeyrissjóða.
- Hlutverk stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum. Í almennum athugasemdum við frumvarpið kemur fram að stjórnarmönnum fjármálafyrirtækja er Bankasýslan kys sé ætlað að tryggja framgang eigendastefnu ríkisins og samninga sem fyrirtækin gera við Bankasýsluna. Á öðrum stað segir hins vegar að gert sé ráð fyrir að réttindi og skyldur stjórnarmanna og stjórnenda fjármálafyrirtækja samkvæmt frumvarpinu verði með sambærilegum hætti og í öðrum fjármálafyrirtækjum sem ekki er í eigu ríkisins. Samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög bera stjórnarmenn hlutafélaga fyrst og fremst skyldur gagnvart viðkomandi félagi en ekki þeim er hafa stutt þá í stjórnarkjöri. Sé ætlunin að víkja frá skyldum stjórnarmanna samkvæmt lögum nr. 2/1995 væri æskilegt að slíkt kæmi fram með skýrum hætti í frumvarpstextanum sjálfum.
- Sé ætlunin að stjórnarmenn og starfsmenn fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins hafi upplýsingarskyldu gagnvart ríkinu eða Bankasýslunni er gengur lengra en lög nr. 2/1995 um hlutafélög og/eða lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki heimila er mikilvægt að slíkt komi fram með skýrum hætti.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Gunnar P. Andersen



Árný J. Guðmundsdóttir